

annað númer af tímaritinu, sem kemur út næst á eftir að hann hefir æskt viðtökunnar með vottum —“.

Það verður því að lita svo á, að til þess að unnt sé að þvinga hlutaðeiganda (í þessu tilfelli stefndan) til að skýra frá málalokum, eins og gert er ráð fyrir í síðustu málsgr. áðurnefndrar lagagreinar, verði að liggja fyrir frá stefnanda samin skýrsla um málalok („auglýsing“), lögskipuð birting á áskorun um að taka við skýrslunni og loks synjun stefnds á því að veita henni viðtöku. En ekkert af þessu liggur fyrir í málinu, og þykir því ekki vera unnt að taka framangreinda kröfu stefnanda til greina.

#### Því dæmist rétt vera:

Framangreind meiðandi ummæli skulu vera dauð og ómerk.

Stefndur, Þórarinn Þórarinsson, greiði 75 kr. sekt í ríkissjóð, og komi í stað sektarinnar, ef hún verður ekki greidd áður en aðfararfrestur er liðinn, 5 daga einfalt fangelsi. Svo greiði stefndur og stefnandanum, Adolf Karlssyni, kr. 60.00 í málskostnað.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 5. maí 1939.

Nr. 28/1939. **Réttvísín og valdstjórnin**

(Gunnar Þorsteinsson)

gegn

**Oddi Ólafssyni** (Sveinbjörn Jónsson).

Brot bifreiðarstjóra gegn 200. gr. alm. hegningarlaga.

#### Dómur hæstaréttar.

Með því að fallast má á forsendur og niðurstöðu hins áfrýjaða dóms, ber að staðfesta hann.

Eftir þessum málalokum verður að dæma ákærða

til þess að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, 100 krónur til hvors.

**Því dæmist rétt vera:**

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærði, Oddur Ólafsson, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarmálflutningsmannanna Gunnars Þorsteinssonar og Sveinbjarnar Jónssonar, 100 krónur til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

**Dómur aukaréttar Reykjavíkur 9. febrúar 1939.**

Ár 1939 fimmtudaginn 9. febrúar var í aukarétti Reykjavíkur, sem haldinn var á lögreglustöðinni af hinum reglulega dómara, Jónatan Hallvarðssyni settum lögreglustjóra, kveðinn upp dómur í málinu nr. 2555/1938: Réttvísing og valdstjórnin gegn Oddi Ólafssyni.

Málið er höfðað gegn ákærða fyrir brot gegn 17. kápítula hinna almennu hegningarlaga og lögum nr. 70 1931 um notkun bifreiða. Það var dómtekið hinn 17. janúar s. l.

Ákærði, Oddur Ólafsson stud. med., til heimilis Leifsgötu 9 hér í bæ, er kominn yfir lögaldur sakamanna. Hann er fæddur hinn 11. maí 1914 hér í Reykjavík. Hann hefir aldrei sætt refsingu.

Hinn 5. nóvember s. l. um kvöldið fékk ákærði léða bifreiðina R 28 til þess að aka um bæinn. Hafði hann setið inni á kaffihúsi um kvöldið, en datt nú í hug að fá léða bifreið til að æfa sig í akstri. Annars kveðst hann hafa ekið allmikið áður, þar á meðal verið eitt sumar (1937) með bifreið sömu tegundar og bifreið sú er, sem hann nú fékk lánaða.

Ákærði ók fyrst um miðbæinn og síðan inn Hverfisgötu og tók þar upp í bifreiðina systur sínar tvær, Valgerði og Ragnhildi, og hugðist að aka þeim heim. Ók hann síðan upp Barónsstíg, en á móts við húsið nr. 51 varð stúlkan Guðrún Guðbrandsdóttir fyrir bifreiðinni. Ákærði flutti hana þegar á Landsspítalann, og andaðist hún þar hinn 9. sama mán-aðar.

Lik stúlkunnar var krufið, og segir próf. Niels Dungal svo frá áverkum hennar og dánarorsök:

„Likskoðun og krufning hafa sýnt, að hin látna hefir orðið fyrir mjög miklum áverka, sem aðallega hefir hitt höfuðið v. megin og vinstra fót neðan við hnéð, svo að sköflungurinn hefir brotnað og sperrileggurinn tvíbrotnað. Áverkinn hefir þó líklega komið á hægri fót eins og sést af hinu mikla mari þeim megin. Gæti þetta komið heim við, að billinn hefði ekið beint á stúlkuna þar sem hún var að ganga yfir götu, þormur bílsins rekist á vinstra fót neðan við hné, en ferðin á bílnum svo mikil, að stúlkan keyrist um koll og höfuðið skellur á vélarhúsinu.

Dánarorsökin er heilablæðingarnar, sem hlotizt hafa af hristingi, sem sýnilega hefir verið mjög mikill. Beinbrotið á v. fæti er svo mikið, að það getur hafa átt sinn þátt í dauðdaganum.“

Lögreglan athugaði bifreiðina eftir slysið, og reyndust hemlar hennar þá vera í lagi og ljós skýr. Eigandi bifreiðarinnar og ákærði sjálfur hafa talið, að bifreiðin hafi verið skitug og rúðurnar ekki fægðar, og segir ákærði, að setzt hafi dögg á rúðurnar, enda var rigningarúði á. Þurkarinn vinstra megin var ekki í lagi, en stýri bifreiðarinnar er hægra megin. Færi var blautt, og telur ákærði, að götuljósanna hafi litið gætt og gatan því verið dimm. Ljósinn hafi endurspeglazt í blautu asfaltinu og orðið hálfgerð villu-ljós.

Ákærði kveðst hafa ekið á um 20 km. hraða miðað við klt., en las þó ekki á hraðamæli bifreiðarinnar. Hann tók eftir, að bifreiðin R 834 ók á móti honum, og segir, að ljósum þeirrar bifreiðar hafi brugðið fyrir sig eitt augnablik. Ívið síðar varð stúlkan fyrir bifreið hans, og kveðst hann ekki geta gert sér grein fyrir, hvort gerðist fyrr, að hann sá stúlkuna eða fann áreksturinn. Kveðst hann ekkert geta um það borið, í hvaða stefnu stúlkan var að ganga eða

hvernig hún sneri, því að hún hafi verið að hrökkva frá bifreiðinni, þegar hann kom auga á hana. Hafa ekki orðið leidd vitni um þetta atriði. Hann segir, að höggið hafi komið vinstra megin á bifreiðina og stúlkan hrokkið til vinstri. Hann kveðst ekki hafa gert sér grein fyrir því, í hvaða stellingum hún lá eftir slysið eða hvert hún sneri. Bifreiðina telur hann sig hafa stoppað á augnabliki og muni hún í mesta lagi hafa runnið  $\frac{1}{2}$ —1 metra.

Systur ákærða hafa verið leiddar sem vitni í málinu. Telja þær hraða bifreiðarinnar hafa verið litinn. Báðar halda þær því fram, að sterk ljós hafi skinið inn í bifreiðina frá R. 834. Önnur þeirra sá stúlkunni bregða fyrir um leið og hún varð fyrir bifreiðinni, en hin tók ekki eftir henni. Um legu stúlkunnar á götunni eru framburðir þeirra óljósir.

Bifreiðarstjórinn á R. 834 var Ólafur Tryggvason verkfræðingur. Hann telur ákærða hafa ekið á um 20 km. hraða. Rétt áður en bifreiðarnar mættust, kveðst hann hafa tekið eftir stúlkunni, var hún þá rétt fyrir framan R. 28 og virtist snúa baki að bifreiðinni. Annars kveðst hann ekki geta um það sagt, hvaðan hún kom eða hvert hún var að fara, því á næsta augnabliki rakst bifreiðin á hana og féll hún upp að bifreiðinni. Hann stöðvaði þegar bifreið sína og aðstoðaði ákærða við að flytja stúlkuna á spítalann. Á bifreið sinni kveðst hann hafa haft lægri ljósin uppi.

Undir rannsókn málsins fór fram athugun á vettvangi. M. a. var bifreiðunum ekið eftir götunni á sama hátt og ætla mátti, að þær hefðu ekið þegar slysið varð. Við þá athugun varð þess ekki vart, að ljósin frá R. 834 verkuðu á útsýn frá R. 28, þegar bifreiðarnar mættust. Þrátt fyrir þetta þykir verða að leggja framburð ákærðs um þetta atriði til grundvallar, með því að hann er studdur af vitnum þeim, er í bifreið hans sátu.

Rétturinn verður að líta svo á, að þess verði undantekningarlaust að krefjast af bifreiðarstjóra að hann taki eftir fólki, sem er fyrir framan bifreið hans, og eftir því sem skilyrði til þess eru erfiðari beri honum að fara varlegar. Í málinu er ekki upplýst, hvernig ferðum Guðrúnar heitinnar var háttað, að öðru leyti en því, að hún var stödd framundan bifreiðinni áður en áreksturinn varð, án þess að ákærði veitti henni eftirtekt, fyrr en um leið og bifreiðin skellur á henni. Þykir það aðgæzluleysi hans, sem telja

verður orsök slyssins, varða við 200. gr. hinna almennu hegningarlaga. Refsing hans þykir eftir atvikum hæfilega ákveðin 20 daga einfalt fangelsi. En með tilliti til ungs aldurs hans þykir mega ákveða refsinguna skilorðsbundna samkvæmt lögum nr. 39 1907.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs talsmanns síns, Kristjáns Steingrímssonar bæjarfógetafulltrúa, er ákveðast kr. 100.00.

Málið hefir verið rekið vitalaust.

Því dæmist rétt vera:

Ákærði, Oddur Ólafsson, sæti 20 daga einföldu fangelsi.

Refsingunni skal fresta og hún falla niður eftir 5 ár frá uppsögn dóms þessa, ef skilorð laga nr. 39 1907 eru haldin.

Hann greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs talsmanns síns hér fyrir réttinum, Kristjáns Steingrímssonar, bæjarfógetafulltrúa, kr. 100.00.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 8. maí 1939.

Nr. 27/1939. **Samábyrgð Íslands á fiskiskipum f. h. Einars G. Sigurðssonar**  
(Sveinbjörn Jónsson)

gegn

**Lárusi Fjeldsted f. h. eigenda og skipshafnar b/v Berkshire, Grimsby, og gagnsök (Theodor B. Lindal).**

Póknun fyrir dráttaraðstoð skips.

**Dómur hæstaréttar.**

Aðaláfrýjandi hefur, að fengnu áfrýjunarleyfi 15. febr. þ. á., skotið máli þessu til hæstaréttar með